

Ísafjarðarbær  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56  
400 Ísafirði  
[axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is)

Dags. 6.5.2017  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2016-149  
0.5

Með erindi dags. 11. apríl sl. óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands varðandi skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi bæjarins 2008-2020 við Naustahvilft í Skutulsfirði og nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Samkvæmt skipulagslýsingunni er ekkert deiliskipulag í gildi fyrir svæðið og samhliða breytingu á aðalskipulagi er áformað að gera nýtt skipulag fyrir Naustahvilft. Með deiliskipulaginu verður svæðið skilgreint sem útivistarsvæði, gönguleiðin upp í hvilftina endurbætt og samhliða því hugað að aðkomu og upphafsstað fyrir gönguleiðina sem og áfangastað uppi í hvilftinni.

Heppilegasta staðsetningin fyrir aðkomusvæði og upphafsstað fyrir gönguleiðina er undir sjálfri hvilftinni því beggja vegna hennar eru þekkt ofanflóðasvæði þar sem snjóflóð hafa náð niður undir veg. Víða eru staksteinar í hlíðinni og stöku sinnum hefur grjót hlaupið úr hlíðunum beggja vegna við hvilftina, en tíðni grjóthruns í hlíðinni undir hvilftinni er talin vera lág. Uppi í hvilftinni er tíðni grjóthruns mun hærrí og algengt að grjót hrynji úr kletta-veggjunum í leysingum á vorin og í kjölfar mikillar úrkomu. Miðað við grjótdreif í hvilftinni er grjóthrunshætta mest innan við núverandi áningarstað. Það er því mælt til þess að áningarstaðurinn verði ekki færður innar í hvilftina nema því myndu fylgja viðvaranir um grjóthrunshættu, t.d. á upplýsingaskilti.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ